

1947 nr. 16 12. mars**Lög um menntun kennara**

Tóku gildi 1. júní 1947. *Breytt með:* L. 60/1957 (tóku gildi 25. júní 1957). L. 23/1963 (tóku gildi 15. maí 1963). L. 63/1965 (tóku gildi 12. júní 1965). L. 65/1972 (tóku gildi 26. júní 1972; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 18. gr.). L. 26/1975 (tóku gildi 11. júní 1975, sjá nú l. 137/1997). L. 51/1978 (tóku gildi 6. júní 1978). L. 131/1990 (tóku gildi 1. maí 1991).

I. kafli. Um Kennaraskóla Íslands. . . .¹⁾

¹⁾ *Sjá nú l. 137/1997.*

II. kafli. Um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands.**■ 12. gr.**

□ Við heimspekideild Háskóla Íslands skal koma á fót kennslustofnun í uppeldisvísindum, jafnskjótt og aðstaða er fengin til æfinga- og tilraunakennslu. Hlutverk þessarar stofnunar er að veita kennurum við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla og sérskóla menntun í uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði. Auk þess skulu kennarar í uppeldisvísindum annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem samrýmist kennslustörfum þeirra.

■ 13. gr.

□ Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, skulu stunda kennsluæfingar í þeim skólum, en þeir, sem búa sig undir að verða kennarar í menntaskóla eða sérskóla, skulu stunda kennsluæfingar í menntaskóla eða samsvarandi sérskóla. En að öðru leyti fara kennsluæfingar og annar hagnýtur starfsundirbúningur fram í æfinga- og tilraunaskóla. Háskólakennarar, sem þessa kennslu annast, og nemendur þeirra hafa aðgang að slíkum skóla til athugana og tilrauna.

■ 14. gr.

□ Rétt til að stunda nám í uppeldisvísindum við stofnun þessa og taka þar próf hafa allir þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi, svo og stúdentar.

■ 15. gr. . . .¹⁾

¹⁾ *L. 60/1957, 43. gr.*

■ 16. gr.

□ Í kennslustofnun í uppeldisvísindum í háskólanum skal kenna eftirtaldir greinar:

a. lífeðlisfræði, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, geðveiklaðra, vangef-inna og siðferðilega vangæfra;

b. vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;

c. almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

□ Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla eða sérskóla, skulu leggja stund á almenna sálarfræði barna og unglinga og kennslufræði, einkum í þeim greinum, sem þeir öðlast réttindi til að kenna.

□ Kennsla fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherslu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.

□ Að öðru leyti fer um nám og próf eftir reglugerð, sem sett er samkvæmt 2. gr. háskólaganna 23. júní 1936.¹⁾

¹⁾ *Nú l. 41/1999.*

III. kafli. Um æfinga- og tilraunaskóla. . . .¹⁾

¹⁾ *L. 23/1963, 21. gr.*

IV. kafli. Um Íþróttakennaraskóla Íslands. . . .¹⁾

¹⁾ *L. 65/1972, 17. gr. Sjá nú l. 137/1997.*

V. kafli. Um Handiðakennaraskóla Íslands. . . .¹⁾

¹⁾ *L. 23/1963, 21. gr.*

VI. kafli. Um húsmæðrakennaraskóla.¹⁾

¹⁾ *L. 26/1975. Sjá nú l. 137/1997.*

■ 38. gr.

□ Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Hann skal hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur er vegna námsins.

■ 39. gr.

□ Þegar hús verður reist yfir skólann, skal þar vera heimavist fyrir þá nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla, svo og aðra nemendur, er heimili eiga utan Reykjavíkur.

■ 40. gr.

□ Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. hússtjórnarkennslu í húsmæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins;

2. ráðskonustörf við heimavistarskóla og aðrar opinberar stofnanir.

■ 41. gr.

□ Námstími þeirra, er ætla að verða húsmæðraskólakennarar, skal vera 2 ár hið minnsta, en 1 ár fyrir þá nemendur, er búa sig undir hússtjórnarkennslu í skólum gagnfræðastigsins og ráðskonustörf.

□ Nánari ákvæði um námstíma skulu sett í reglugerð.

■ 42. gr.

□ Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 21 árs fyrir næstu áramót;

2. að nemandi sé heilbrigður;

3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

■ 43. gr.

□ Nemendur, sem búa sig undir kennslu við húsmæðraskóla eða gagnfræðaskóla, skulu áður hafa lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilissstörfum í kaupstað eða sveit.

□ Þeir nemendur, sem búa sig undir ráðskonustörf, skulu auk skyldunáms hafa lokið prófi í húsmæðraskóla og unnið 12 mánuði hið minnsta við eldhússtörf í matsöluhúsi, heimavistarskóla, sjúkrahúsi eða hliðstæðum stofnunum.

■ 44. gr.

□ Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum:

Verklegar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna og kennsluæfingar.

Bóklegar: Manneldisfræði, efnis- og áhaldafraði og búreikningar.

□ Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um próf og einkunnir.

■ 45. gr.

□ Við skólann skal starfa einn fastakennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn.

■ 46. gr.

□ Þriggja manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, hefur umsjón með skólanum.

□ Skólanefnd skal þannig skipuð: Félag húsmæðrakennara tilnefni einn, Kvenfélagasamband Íslands annan, en

fræðslumálastjórn hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

■ **47. gr.**

□ Fræðslumálastjórn setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

■ **48. gr.**

□ Heimilt er að halda námskeið fyrir kennara í aðalkennslugreinum skólans, enn fremur fyrir fóstrur samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

VII. kafli. Um réttindi kennara o.fl.

■ **49. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 51/1978, 18. gr.

■ **50. gr. . . .**

■ **51.–54. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 51/1978, 18. gr.

■ **55. gr.**

□ Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón þeirra skóla, er um getur í lögum þessum. Kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr ríkissjóði.